

Stjórnarfundur nr. 9
30. nóvember 2011 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: : Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Fundargerð fulltrúaráðsfundar 28. september sl. – Fundargerð samþykkt

2. Alþjóðleg hundasýning 19.-20. nóvember og augnskoðun A-2554/A-2555

Sýndir voru alls 731 hundar af 77 hundategundum. Til samanburðar við nóvember sýninguna 2010 þá voru sýndir alls 829 hundar af 81 hundategund. Fækkun um 100 hunda milli ára á nóvembersýningu félagsins. Sýningin var að venju haldin í Reiðhöllinni í Víðidal, sex dómarar frá fimm löndum dæmdu; Blaz Kävcic (Sólvenía), Gert Christensen (Danmörk), Marija Kävcic (Sólvenía), Rony Doedijns (Holland), Saija Juutilainen (Finnland), Stelios Makaritus (Grikkland). Alls tóku 26 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda. Dómari í þeirri keppni var Gert Christensen frá Danmörku. Heiðraðir voru afreks – og þjónustuhundur ársins og stigahæsti hundur og öldungur. Stigahæsti hundur ársins var am. cocker spaniel *ISCh Eldhuga Catch Me High*, ræktendur og eigendur eru hjónin Bryndís Pétursdóttir og Guðmundur Bjarnason. Stigahæsti öldungur ársins var ástralskur fjárhundur, *C.I.B. ISCh Bayshore's Tin Soldier*, eigendur eru hjónin Björn Ólafsson & Lára Birgisdóttir. Stigahæstu ungu sýnendur ársins voru Elín Rós Hauksdóttir og Theodóra Róbertsdóttir. Þar sem þær voru jafnar að stigum urðu þær að fara í bráðabana sem Stelios Makaritis frá Grikklandi dæmi. Elín Rós Hauksdóttir vann bráðabanann og keppir fyrir hönd HRFÍ á Crufts á næsta ári. Í öðru sæti lenti þá Theodóra Róbertsdóttir sem keppir á heimsýningunni í Salzburg í Austurríki 20. maí 2012, Þórkatla Lunddal Friðriksdóttir var þriðja stiga hest og keppir á Evrópusýningunni í Bucharest í byrjun október 2012. Tvær stúlkur voru jafnar að stigum í fjórða sæti, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Helga Þöll Guðjónsdóttir sem þurftu að fara í bráðabana. Erna Sigríður Ómarsdóttir vann í bráðabanannum og lenti því sem fjórði stigahæsti ungi sýnandi ársins. Allar þessar fjórar stúlkur keppa fyrir hönd HRFÍ á Nordic Winner Show í Stokkhólmi 11. desember, þær keppa bæði sem einstaklingar og í liðakeppni. Þjónustuhundur ársins var fíkniefnaleitarhundurinn Buster, af hundategundinni enskur springer spaniel. Hann er í eigu lögreglunnar í Árnessýslu en í umsjón Guðjóns Smára Guðjónssonar lögreglumanns. Afrekshundur ársins var íslenski fjárhundurinn Sindra Kjarval, í eigu Ingileifs Einarssonar og fjölskyldu. Sýningin tókst vel í alla staði og tímasetningar stóðust báða daga. Ekki voru allar deildir að standa sig varðandi að manna sýninguna og hefur Cavalierdeildin gert athugasemd við mismikið framlag deildanna, sjá meðfylgjandi bréf frá deildinni. Cavalierdeildin stóð sig með sóma og stóð við skipulag sitt og mikið meira en það. Dómarar voru að venju ánægðir með starfsfólk sýningar, skipulagningu og framkvæmd. Allir hafa sent tölvupóst og þakkað fyrir sig.

A-2556

Dönsku dýralæknarnir Finn Boserup og Jens Knudsen augnskoðuðu 276 hunda af 37 tegundum. Augnskoðunin fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal. Þeir voru mjög ánægðir með skipulag, framkvæmd og starfsfólk augnskoðunarinnar. Einn am. cocker spaniel greindist með Opacity og á að koma í endurskoðun e.12 mán. Tíu am. cocker sp. hundar af 11 greindust með inngróin augnhár og mælt með að para með fríum á móti. Þetta finnst einnig í fleiri tegundum. Einn ástralskur fjárhundur greindist með Iris Hypoplasia, og ekki mælt með að rækta undan honum. Þrjú dvergschnauzerhundar greindust með arfgent Cataract og fara í ræktunarbann. Einn íslenskur fjárhundur greindist með hugsanlegt arfgengt Cataract en hann

á að koma aftur í skoðun eftir 6-12 mánuði. Einn papillon hundur er greindur með grun um PRA og fer í ræktunarbann. Hann þarf einnig að skoða eftir 6-12 mánuði.

3. Aðventu- og uppskerukvöld 3. desember

A-2557

Rætt um úrfærslu á heiðrun á stigahæsta ræktanda ársins. Mikilvægt að kynna vel í upphafi sýningarárs. Sýningastjórn sendir hugmynd til stjórnar í byrjun janúar.

Hafa útfærsluna þannig að það verði hvatning fyrir ræktendur að skrá sem mest af hundum úr sinni ræktun á sýningar.

4. Gjaldskrá 2012

Samþykkt að hækka félagsgjöld um 12% í samræmi við verðlagsþróun í landinu.

Gjaldskráin hefur verið óbreytt í 2 ár. Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Eftir hækkunina verður verðskrá félagsgjalda eftirfarandi:

Einstaklingsgjald kr. 7.500

Hjónagjald kr. 10.600

Árgjald – einstaklingsgjald eftir 1. september kr. 4500

Árgjald – hjónagjald eftir 1. september kr. 6400

5. Erindi frá fulltrúum veiðiprófanefndar - Umsóknir Vorsteh-, Írsk setter- og

Fuglahundadeildar um veiðipróf fyrir árið 2012 - Lagt fram

A-2558/ A-2559

Samþykkt

6. Erindi frá Vinnuhundadeild - Dagskrá vinnuþróa 2012 - Lagt fram

A-2560/A-2561

Samþykkt

7. Áskorun til stjórnar frá nokkrum deildum v. deildasýninga– Lagt fram - Frestað frá síðasta fundi

A-2562/A-2563

Varðandi meðfylgjandi áskorun deildanna langar stjórn HRFÍ að bjóða formenn viðkomandi deilda að koma á næsta stjórnarfund HRFÍ til að ræða málin.

8. Erindi frá Cavalierdeild v. deildarsýningar - Lagt fram

A-2564/A-2565

Frestað frá síðasta fundi. Varðandi áskorunarbréf og erindi frá Cavalierdeildinni

langar stjórn HRFÍ að bjóða formann deildarinnar að koma á næsta stjórnarfund HRFÍ til að ræða málin.

9. Tvö erindi frá Retrieverdeild - Tillaga um breytingar á kröfum um

ættbókarskráningar Golden Retrieverhunda og endurskoðaðar reglur um veiðipróf

fyrir retrieverhunda.

A-2566/A-2567

1. Tillaga um breytingar á kröfum um ættbókarskráningar Golden Retrieverhunda

Ræktunarstjórn Retrieverdeildar leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kröfum til ættbókarskráningu á **Golden Retrieverhundum** :

Frá og með 1. júní 2012 gilda eftirfarandi breytingar á kröfum um ættbókarskráningu

Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir prcd - PRA og GR_PRA1 og greiningin sé

Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P)

Rökstuðningur :

Í nóvember 2010 tilkynntu AHT (Animal Health Trust) í Bretlandi að þeir í samvinnu við

Háskólann í Uppsala í Svíþjóð hafi fundið genið þar sem orsökina fyrir einni tegund PRA í

Golden Retriever liggur. Áður var þekkt hvar orsökina fyrir prcd –PRA liggur og hefur verið

skylt að prófa fyrir því frá 01.06.08. Talið er að um 70% PRA tilfella hjá Golden Retriever hundum af evrópskum línum sé vegna mutationar á GR_PRA1 og því mikilvægt að ekki sé ræktað undan hundum sem eru sýktir og ekki sé leyfð þörun tveggja hunda sem báðir bera þessa stökkbreytingu.

Samþykkt og tekur gildi 1. júní 2012

2. Endurskoðaðar reglur um veiðipróf fyrir retriever hunda A-2568/A-2569

Unnið hefur verið að því að uppfæra veiðiprófsreglur fyrir sækjandi veiðihunda, þær hafa verið kynntar deildarmeðlimum á opnum deildarfundum þar sem breytingarnar voru samþykktar. Því leggjum við þessar breyttu reglur fyrir stjórn til samþykktar. Til glöggvunar leggjum við fram vinnuskjal einnig þar sem sjá má þær breytingar sem gerðar voru.

Samþykkt og tekur gildi 1. janúar 2012

10. Erindi frá Brynju Tomer – álit lögfræðings vegna samþykktar á aðalfundi

Lagt fram. Frestað til næsta fundar.

11. Erindi frá Sólborgu Öldu Pétursdóttur, verkefnastjóra Rauða kross Íslands, sent með tölvupósti föstudaginn 18. nóvember kl. 08:29, sent á tölvupóst stjórnar - svolítið sérstök beiðni til ykkar

Ágæta stjórn Hundarættarfélag Íslands

Áhugakona um hunda og verkefni okkar, Hundavini (heimsóknir hunda, m.a. til eldri borgara) hafði samband við okkur og óskaði eftir því að heiðraður yrði Hundavinur Rauða Kross Íslands á sýningu ykkar nú um helgina, í tengslum við úrslit sýningarinnar á sunnudaginn. Með því langar hana til að vekja athygli á verkefnum af þessum toga og þeirri gleði og lífsfyllingu sem hundar geta veitt fólki.

Um er að ræða Bichon Frisehundinn Patta Prins og eiganda hans, Önnu Kristínu Þórarinsdóttur, en auk þess að hafa glatt margan heimilismanninn á Grund í reglulegum heimsóknnum sínum, eru þau ákaflega dugleg að taka þátt í öllu kynningarstarfi um verkefnið og eru bæði tvö til mikillar fyrirmyndar og eftirbreytni.

Gefandi viðurkenningarinnar óskar eftir nafnleynd, en Ásgerður Sveinsdóttir, tengiliður Reykjavíkurdeildar Rauða krossins við Hundavini myndi koma og afhenda Önnu Kristínu og Patta Prins viðurkenninguna.

Ég veit að þetta erindi berst mjög seint og ég biðst afsökunar á því. Afhendingunni fylgir ekki ræða eða neitt þessháttar svo hún ætti ekki að taka nema 2-3 mínútur.

Vinsamlegast látið mig vita hvort hægt er að koma þessu til leiðar, þó að fyrirvarinn sé stuttur. Ég er í veikindaleyfi og svarpóstur mun því berast um að ég sé ekki við, en ég skoða tölvupóstinn minn reglulega og mun fylgjast með því hvort ég fæ svar frá ykkur.

Svarbréf:

Kæra Sólborg Alda,

Við þökkum þér fyrir ofangreint erindi varðandi að heiðra bichon frise hundinn Patta Prins sem er Hundavinur Rauða Kross Íslands. Eins og fram kemur í beiðni þinni barst erindið allt of seint eða daginn fyrir hundasýningu félagsins. Leitað er eftir tilnefningum í þessa samkeppni á hverju ári og rennur skilafrestur út 1. september ár hvert. Nú í ár var skilafrestur framlengdur til 26. september. Tilnefning um afrekshund ársins barst innan tiltekins skilafrests og var samþykkt á stjórnarfundum Hundarættarfélag Íslands þann 28. september sl. að heiðra íslenska fjárhundinn Sindra Kjarval sem afrekshund ársins 2011. Þess má geta að hundurinn Karólína sem er Hundavinur Rauða kross Íslands var tilnefnd sem afrekshundur ársins 2009.

Við metum mikils samstarf HRFÍ og Rauða kross Íslands enda eru Hundavinir Rauða krossins látnir vera í forystu í árlegri Laugavegsgöngu félagsins. Með því viljum við vekja athygli á verkefnum af þessum toga og Hundavinum Rauða Kross Íslands. Okkur er ljóst að margir hundar innan okkar vébanda eru að vinna ýmis góðverk sem og eru Hundavinir Rauða Kross Íslands. Þess vegna er mikilvægt að fylgja reglum félagsins varðandi tilnefningar á afrekshundi ársins. Það kemur því félaginu í erfiða stöðu að heiðra einn Hundavin Rauða Kross Íslands frekar en annan

með sólarhrings fyrirvara. Við hvetjum ykkur til að tilnefnda alla Hundavini Rauða Kross Íslands innan okkar vébanda fyrir næsta ár. Einnig getum við boðið ykkur að kynna verkefnið, Hundavini Rauða Kross Íslands, í matarhléi eftir að dómum lýkur á hundasýningum félagsins.

12. Erindi frá formanni DÍF, Ágústi Ágústssyni vegna auglýsingar á íslenskum fjárhundum hjá Dalsmynni – “Smáauglýsing af mbl.is: Jóla tilboð keyftu einn og fáðu anann á hálvirði”

Búið er að ganga frá árlegum samningi við Fréttablaðið að auglýsa á laugardögum í smáauglýsingum.

13. Önnur mál

- Nordic Winner show í Stokkhólmi – HRFÍ gefur gjöf í BIS og verður með kynningarbás ásamt öðrum NKU hundaræktarfélagunum á svo kölluðu Norðulandatorgi. Unglingalandsliðið ásamt liðstjóra verða á ráðstefnu á föstudeginum þar sem rædd verða mál tengd keppnum ungra sýnenda í löndunum. Keppnin ungra sýnenda fer fram á sunnudeginum. A-2570

Næsti stjórnarfundur verður haldinn fimmtudaginn 18. desember kl.17:00

Fundi slitið.

Sign:

Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.